

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Cote d'Ivoire (Fílabeinsströndina).

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a) ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b) ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c) ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa:

- Fylgiskjal 1: Ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 2: Ákvörðun ráðsins 2010/801/SSUÖ frá 22. desember 2010 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 3: Ákvörðun ráðsins 2011/18/SSUÖ frá 14. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 4: Ákvörðun ráðsins 2011/221/SSUÖ frá 6. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 5: Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2012/144/SSUÖ frá 8. mars 2012 um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 6: Ákvörðun ráðsins 2012/371/SSUÖ frá 10. júlí 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 7: Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/271/SSUÖ frá 12. maí 2014 um framkvæmd ákvörðunar 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 8: Ákvörðun ráðsins 2014/460/SSUÖ frá 14. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 9: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- Fylgiskjal 10: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1032/2010 frá 15. nóvember 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- Fylgiskjal 11: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 668/2011 frá 12. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- Fylgiskjal 12: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 617/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- Fylgiskjal 13: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 frá 12. apríl 2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

- Fylgiskjal 14: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1240/2008 frá 10. desember 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 15: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 25/2011 frá 14. janúar 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 16: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 330/2011 frá 6. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 17: Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 193/2012 frá 8. mars 2012 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.
- Fylgiskjal 18: Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 479/2014 frá 12. maí 2014 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaraðgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efnidir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Fílabeinsströndina nr. 140/2009, ásamt síðari breytingum, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 544/2011 um breyting á reglugerðum nr. 154/2009, 140/2009, 155/2009, 148/2009, 147/2009, 299/2010 og 300/2010 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

Utanríkisráðuneytinu, 26. janúar 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.**Ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ****frá 29. október 2010****um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 13. desember 2004 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2004/852/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾ í því skyni að framkvæma þær aðgerðir sem beint var gegn Cote d'Ivoire með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (hér á eftir nefnd „ályktun öryggisráðs SP“) nr. 1572 (2004).
- 2) Hinn 23. janúar 2006 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2006/30/SSUÖ ⁽²⁾ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire um 12 mánuði til viðbótar og um viðbætur við þær með þeim þvingunaraðgerðum sem voru lagðar á skv. 6. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1643 (2005).
- 3) Eftir framlengingu þvingunaraðgerðanna gegn Cote d'Ivoire með ályktun öryggisráðs SP nr. 1842 (2008) hinn 18. nóvember 2008 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2008/873/SSUÖ ⁽³⁾ um frekari framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire með gildistöku frá 1. nóvember 2008.
- 4) Hinn 15. október 2010 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs SP nr. 1946 (2010), en samkvæmt henni voru þvingunaraðgerðirnar gegn Cote d'Ivoire, sem lagðar voru á með ályktun öryggisráðs SP nr. 1572 (2004) og skv. 6. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1643 (2005), framlengdar til 30. apríl 2011 og þvingunaraðgerðunum viðvíkjandi vopnum breytt.
- 5) Því ber að framlengja þvingunaraðgerðirnar gegn Cote d'Ivoire. Auk undanþáganna frá vopnasölubanninu, sem kveðið er á um í ályktun öryggisráðs SP nr. 1946 (2010), er við hæfi að breyta þvingunaraðgerðunum til þess að undanskilja annan tækjabúnað sem Evrópusambandið hefur einhliða talið með.
- 6) Framkvæmdarráðstafanir Evrópusambandsins eru settar fram í reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi ⁽⁴⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 frá 12. apríl 2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandins á Cote d'Ivoire ⁽⁵⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2368/2002 frá 20. desember 2002 um framkvæmd á vottunarkerfi Kimberley-ferlisins vegna alþjóðlegra viðskipta með óslípaða demanta ⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi til Cote d'Ivoire á vopnum og hvers kyns tegundum herbúnaði, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, svo og á búnaði sem nota má til bælingar innanlands, sem ríkisborgarar aðildarríkjanna annast eða sem kemur frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með því að nota skip sem sigla undir fána aðildarríkjanna eða með loftförum þeirra, án tillits til þess hvort fyrrnefnd vopn, tengdur herbúnaður og tól og tæki eru upprunnin á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eður ei.

2. Einnig er lagt bann við því:

- a) að veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu og annars konar þjónustu, sem tengist þeim tækjum er um getur í 1. mgr. eða afhendingu, framleiðslu, viðhaldi og notkun þeirra, á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- b) að veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist þeim tækjum er um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra tækja eða vegna veitingar tæknilegrar aðstoðar, miðlunarþjónustu eða annars konar þjónustu, á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

- a) afhendingu og tæknilega aðstoð, einungis til stuðnings eða nota fyrir friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire og franska liðsaflann sem styður þær,
- b) eftirfarandi viðskipti sem nefndin, sem stofnuð var skv. 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1572 (2004) (hér á eftir nefnd „framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir“), samþykkti:
 - i. sölu, afhendingu, flutning eða útflutning á óbanvænum herbúnaði, sem eingöngu er ætlaður í mannúðar- eða verndarskygni, m.a. þess konar búnaði fyrir hættustjórnunaraðgerðir Evrópu-sambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkúríkja (ECOWAS),
 - ii. sölu, afhendingu, flutning eða útflutning á óbanvænum herbúnaði, sem eingöngu er ætlaður til að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins víðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er haldið uppi,
 - iii. veitingu fjármagns og fjárhagsaðstoðar sem tengist þeim búnaði sem um getur í i. og ii. lið,
 - iv. veitingu tæknilegrar aðstoðar og þjálfunar sem tengist búnaði sem um getur í i. og ii.-lið,
- c) sölu, afhendingu, flutning eða útflutning á hlífðarfatnaði, þ.m.t. skotheldir jakkar og herhjálmar, sem starfslið SP, starfslið Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og fylgilið þeirra flytja tímabundið út til Cote d'Ivoire til eigin nota eingöngu,
- d) sölu eða afhendingu vara sem eru tilfærðar eða fluttar út tímabundið til Cote d'Ivoire til liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða í samræmi við reglur þjóðaréttar, eingöngu og beinlínis til þess að greiða fyrir brottflutningi eigin ríkisborgara og þeirra sem það hefur ábyrgð gagnvart á Cote d'Ivoire í krafti ræðissambands, eins og framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir er tilkynnt um fyrirfram,
- e) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vopnum og tengdum herbúnaði og tæknilegri þjálfun og aðstoð sem eingöngu er ætluð til stuðnings eða notkunar við endurskipulagningu varnar- og öryggisveita skv. f-lið 3. undirgreinar Linas-Marcoussis-samningsins, eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur samþykkt fyrirfram,
- f) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á óbanvænum tækjabúnaði sem nota mætti til bælingar innanlands og eingöngu er ætlaður til að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins víðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er haldið uppi, og ekki um veitingu fjármagns, fjárhagsaðstoðar eða tæknilegrar aðstoðar og þjálfunar sem tengist slíkum tækjabúnaði.

3. gr.

Beinn eða óbeinn innflutningur óslípaðra demanta frá Cote d'Ivoire til Evrópusambandsins, hvort sem slíkir demantar eru upprunnir á Cote d'Ivoire eður ei, er bannaður samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1643 (2005).

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einstaklingar, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir og ógna friðarferlinu og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire, einkum þeir sem hindra framkvæmd samninganna kennda við Linas-Marcoussis og Accra III, sérhver sá annar einstaklingur sem talið er, á grundvelli víðeigandi upplýsinga, að beri ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum og brotum gegn alþjóðlegum mannréttum á Cote d'Ivoire, sérhver sá annar einstaklingur sem opinberlega kyndir undir hatri og ofbeldi og sérhver sá annar einstaklingur sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir álitur að brjóti gegn aðgerðum, sem álagðar eru skv. 7. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004), komi inn á eða fari gegnum yferráðasvæði sín.

Þeir einstaklingar er um getur í fyrstu undirgrein eru taldir upp í viðaukanum.

2. Ákvæði 1. mgr. skylda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum að koma inn á yferráðasvæði sitt.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, ákveði framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eftirfarandi:

- a) að ferð sé réttlæt看leg af ríkum mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur,
- b) að undanþága myndi stuðla að því að ná markmiðum ályktana öryggisráðs SP um frið og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire og um stöðugleika á svæðinu.

4. Í þeim tilvikum, skv. 3. mgr., þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir, inn á yferráðasvæði sitt eða för þeirra gegnum það, skal takmarka heimildina við þann tilgang sem hún er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

5. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir stjórn einstaklinga eða rekstrareininga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint skv. 1. mgr. 4. gr., eða eru í vörslu rekstrareininga sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir stjórn þeirra eða hvaða einstaklinga sem er sem starfa á þeirra vegum eða undir þeirra stjórn og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint.

Þeir einstaklingar er um getur í fyrstu undirgrein eru taldir upp í viðaukanum.

2. Enga fjármuni, fjáreignir eða efnahagslegan auð skal, með beinum eða óbeinum hætti, gera aðgengilegan einstaklingum eða rekstrareiningum er um getur í 1. mgr. eða þeim til hagsbóta.

3. Aðildarríki geta gert undanþágur frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr., að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem eru:

- nauðsynlegir vegna grunnútgjalda, þ.m.t. útgjöld vegna matvælaakaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og greiðslna til opinberra þjónustustofnana,
- eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðipjónustu,
- eingöngu ætlaðir til að greiða þóknun eða þjónustugjöld, samkvæmt landslögum, fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna og efnahagslegs auðs,
- nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda, að fram kominni tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir og að fengnu samþykki hennar,
- andlag veðsetningar eða úrskurðar dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þegar undanþágan kveður á um að nota megi fjármunina og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsetningarinnar eða fullnægja úrskurðinum, að því tilskildu að veðsetningin eða úrskurðurinn hafi verið skráður áður en framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu, er um getur í þessari grein, eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur sent framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir tilkynningu þessu viðvíkjandi.

Þær undanþágur er um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr. má gera eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun sína að heimila, þar sem það á við, aðgengi að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði og hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan tveggja virkra daga frá tilkynningunni.

4. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirfarandi er lagt inn á frysta reikninga:

- vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
- greiðslur sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu andlag þvingunaraðgerða samkvæmt sameiginlegri afstöðu 2004/852/SSUÓ eða ákvörðun þessari,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.

6. gr.

Ráðið skal ákveða listann í viðaukanum og gera breytingar á honum í samræmi við ákvarðanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.

7. gr.

1. Tilgreini öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða rekstrareiningu skal ráðið fella slíkan einstakling eða rekstrareiningu inn í viðaukann. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæður þess að viðkomandi er færður á lista, hlutaðeigandi einstaklingi eða rekstrareiningu, annaðhvort millilíðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

2. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

8. gr.

1. Ástæður þess að viðkomandi einstaklingar og rekstrareiningar eru færð á lista, þær sömu og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir færir fram, skulu koma fram í viðaukanum.

2. Í viðaukanum skulu og koma fram upplýsingar, þar sem þær liggja fyrir, sem öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir láta í té og nauðsynlegar eru til þess að bera kennsl á hlutaðeigandi einstaklinga eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í viðaukanum skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi.

9. gr.

Sameiginleg afstaða 2004/852/SSUÖ og sameiginleg afstaða 2006/30/SSUÖ eru hér með felldar úr gildi.

10. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Brussel 29. október 2010.

Fyrir hönd ráðsins,

S. VANACKERE

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 308, 19.11.2008, bls. 52.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 95, 14.4.2005, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 28.

VIÐAUKI

Skrá yfir aðila sem um getur í 4. og 5. gr.

	Name (and possible aliases)	Identifying information (date and place of birth (d.o.b. and p.o.b.), passport (Pass.)/ID card number, etc.)	Grounds for designation	Date of UN designation
1.	BLÉ GOUDÉ, Charles (alias Général; Génie de kpo, Gbapé Zadi)	d.o.b.: 1.1.1972 Nationality: Ivorian P.: 04LE66241 République de Côte d'Ivoire issued on 10.11.2005 valid until 9.11.2008 PD.: AE/088 DH 12 République de Côte d'Ivoire issued on 20.12.2002 valid until 11.12.2005 P.: 98LC39292 République de Côte d'Ivoire issued on 24.11.2000 valid until 23.11.2003 Place of birth: Guibéroua (Gagnoa) or Niagbrahio/Guiberoua or Guiberoua Address known in 2001: Yopougon Selmer, Bloc P 170; also at Hotel Ivoire Address declared in travel document No C2310421 issued by Switzerland on 15.11.2005 and valid until 31.12.2005: Abidjan, Cocody	Leader of COJEP ('Young Patriots') repeated public statements advocating violence against United Nations installations and personnel, and against foreigners; direction of and participation in acts of violence by street militias, including beatings, rapes and extrajudicial killings; intimidation of the United Nations, the International Working Group (IWG), the political opposition and independent press; sabotage of international radio stations; obstacle to the action of the IWG, the United Nations Operation in Côte d'Ivoire (UNOCI), the French forces and to the peace process as defined by resolution 1643 (2005).	7 February 2006
2.	DJUÉ, Eugène N'goran Kouadio	d.o.b.: 1.1.1966 or 20.12.1969 Nationality: Ivorian P.: 04 LE 017521 issued on 10 February 2005 and valid until 10 February 2008	Leader of the Union des Patriotes pour la Libération Totale de la Côte d'Ivoire (UPLTCI). Repeated public statements advocating violence against United Nations installations and personnel, and	7 February 2006

			against foreigners; direction of and participation in acts of violence by street militias, including beatings, rapes and extrajudicial killings; obstacle to the action of IWG, UNOCI, the French forces and to the peace process as defined by resolution 1643 (2005).	
3.	FOFIE, Martin Kouakou	d.o.b.: 1.1.1968 Nationality: Ivorian Place of birth: BOHI, Côte d'Ivoire Burkina Faso Identity Card Number: 2096927 issued on 17 March 2005 Burkina Faso Nationality Certificate: CNB N.076 (17 February 2003) Father's name: Yao Koffi FOFIE Mother's name: Ama Krouama KOSSONOU Côte d'Ivoire Identity Card Number: 970860100249 issued on 5 August 1997 valid until 5 August 2007	Chief Corporal New Force Commandant, Korhogo Sector. Forces under his command engaged in recruitment of child soldiers, abductions, imposition of forced labour, sexual abuse of women, arbitrary arrests and extra-judicial killings, contrary to human rights conventions and to international humanitarian law: obstacle to the action of the IWG, UNOCI, French forces and to the peace process as defined by resolution 1643 (2005).	7 February 2006

Fylgiskjal 2.**Ákvörðun ráðsins 2010/801/SSUÖ****frá 22. desember 2010****um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ
um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire (¹).
- 2) Hinn 13. desember lagði ráðið áherslu á mikilvægi forsetakosninganna, sem fóru fram 31. október og 28. nóvember 2010, til þess að koma megi aftur á friði og stöðugleika á Cote d'Ivoire og lýsti því yfir að brýnt væri að virða afdráttarlausan vilja Cote d'Ivoire-manna,
- 3) Ráðið ákvað enn fremur að samþykkja þvingunaraðgerðir gegn þeim sem standa í vegi fyrir friðarferli og þjóðarsátt, einkum þeim sem tefla rétttri niðurstöðu kosninganna í tvísýnu.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/656/SSUÖ:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eftirtaldir einstaklingar komi inn á yfirráðasvæði þeirra eða fari þar í gegn:

- a) þeir einstaklingar sem um getur í I. viðauka og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint og sem ógna friðarferli og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire, einkum þeir sem hindra framkvæmd samninganna kennda við Linas-Marcoussis og Accra III, sérhver sá annar einstaklingur sem talið er, á grundvelli viðeigandi upplýsinga, að beri ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum og brotum gegn alþjóðlegum mannréttum á Cote d'Ivoire, sérhver sá annar einstaklingur sem opinberlega kyndir undir hatri og ofbeldi og sérhver sá annar

- einstaklingur sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir álitur að brjóti gegn aðgerðum, sem álagðar eru skv. 7. mgr. ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572(2004),
- b) þeir einstaklingar sem um getur í II. viðauka og eru ekki á listanum í I. viðauka og sem hindra friðarferlið og þjóðarsáttina, einkum þeir sem tefla rétttri niðurstöðu kosninganna í tvísýnu.
2. Ákvæði 1. mgr. skylda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum að koma inn á yfirráðasvæði sitt.
3. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki, ákveði framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eftirfarandi:
- að ferð sé réttlæt看leg af ríkum mannúðarástæðum, þ.m.t. trúarlegar skyldur,
 - að undanþága myndi stuðla að því að ná markmiðum ályktana Öryggisráðs SP um frið og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire og um stöðugleika á svæðinu.
4. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið af þjóðarétti, nánar tiltekið:
- sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
 - sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
 - samkvæmt margliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
 - samkvæmt Sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgrikið) og Ítalía gerðu sín í milli.
5. Ákvæði 4. mgr. eru einnig talin gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).
6. Ráðinu skal tilkynnt um það, með tilhlýðilegum hætti, þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 4. eða 5. mgr.
7. Aðildarríki mega veita undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. ef ferð er réttlæt看leg af knýjandi mannúðarástæðum eða vegna þátttöku í fundi alþjóðlegrar milliríkjastofnunar, þ.m.t. fundir sem Evrópusambandið styður eða fara fram í aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE, þar sem fram fara pólitísk skoðanaskipti sem stuðla beint að lýðræði, mannréttindum og lögum og reglu á Cote d'Ivoire.
8. Aðildarríki, sem vill veita þær undanþágur er um getur í 7. mgr skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan telst veitt nema einn eða fleiri fulltrúar í ráðinu andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga eftir að tilkynning berst um þá undanþágu sem lögð er til. Ef einn eða fleiri fulltrúar í ráðinu hreyfa andmælum, getur ráðið tekið ákvörðun um að veita undanþáguna, sem lögð er til, með auknum meirihluta.
9. Í þeim tilvikum, skv. 4., 5. og 7. mgr., þegar aðildarríki heimilar einstaklingum, sem skráðir eru í I. eða II. viðauka, komu inn á yfirráðasvæði sitt eða ferð gegnum það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og við hlutaðeigandi einstaklinga.“
2. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir stjórn einstaklinga eða rekstrareininga, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint skv. a-lið 1. mgr. 4. gr., eða eru í vörslu rekstrareininga sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir stjórn þeirra eða hvaða einstaklinga sem er sem starfa á þeirra vegum eða undir þeirra stjórn og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint.
- Þeir einstaklingar sem um getur í fyrstu undirgrein eru taldir upp í I. viðauka.“
3. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:
- „6. gr.
- Ráðið skal ákveða listann í I. viðauka og gera breytingar á honum í samræmi við ákvarðanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir.
 - Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, stofna og gera breytingar á listanum í II. viðauka.“
4. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:
- „7. gr.
- Tilgreini Öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða rekstrareiningu skal ráðið fella slíkan einstakling eða rekstrareiningu inn í listann í I. viðauka.

2. Ákveði ráðið að gera þær ráðstafanir er um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. gagnvart einstaklingi eða rekstrareiningu, skal það gera viðeigandi breytingar á II. viðauka.
 3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi einstaklingur eða rekstrareining er færð á lista, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
 4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.
5. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Í I. og II. viðauka komi fram sömu ástæður þess að viðkomandi einstaklingar og rekstrareiningar eru færð á lista og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir færir fram í tilviki I. viðauka.
 2. Í I. og II. viðauka komi og fram þær upplýsingar, liggi þær fyrir, sem eru nauðsynlegar til þess að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða rekstrareiningar og öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir leggur fram í tilviki I. viðauka. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang og hlutverk eða starf. Að því er varðar rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráðið eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreindi viðkomandi.“
6. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
3. Þær aðgerðir er um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær skulu falla úr gildi gagnvart viðkomandi einstaklingum eða rekstrareiningum ákveði ráðið, samkvæmt þeirri málsmeðferð er um getur í 2. mgr. 6. gr., að skilyrðin fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.“

2. gr.

Viðaukinn við ákvörðun 2010/656/SSUÖ verði I. viðauki og í stað fyrirsagnar hans komi eftirfarandi:

„Listi yfir einstaklinga er um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.“

3. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun bætist við sem II. viðauki við tilskipun 2010/656/SSUÖ.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 22. desember 2010.

Fyrir hönd ráðsins,
S. VANACKERE
forseti.

(¹) Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr.

	Name (and any aliases)	Identifying information	Grounds for designation
1.	Mr Pascal Affi N'Guessan	Born 1 January 1953 in Bouadikro; passport number: PD – AE 09DD00013.	Secretary General of the Ivorian Popular Front (FPI), former Prime Minister. Expression of radical views and active disinformation. Incitement to violence.
2.	Lieutenant-Colonel Nathanaël Ahouman Brouha	Born 6 June 1960.	Commander of the Security Group of the Presidency of the Republic (GSPR). Implicated in the repression of 25 March 2004. Member of the death squads.
3.	Mr Gilbert Marie Aké N'Gbo	Born 8 October 1955 in Abidjan Passport number: 08 AA 61107	Supposedly Prime Minister and Minister for Planning and Development
4.	Mr Pierre Israël Amessan Brou		Director General of Radio Télévision Ivoirienne (RTI). Responsible for the disinformation campaign.
5.	Mr Frank Anderson Kouassi		President of the National Audiovisual Communication Council (CNCA). Active complicity in the disinformation campaign.
6.	Ms Nadiana Bamba	Born 13 June 1974 in Abidjan Passport number: PD – AE 061 FP 04	Director of press group “Le temps Notre voie”. Responsible for the disinformation campaign and incitement to inter-community hatred and violence.
7.	Mr Kadet Bertin	Born around 1957 in Mama.	Security adviser to Mr Gbagbo. Responsible for arms trafficking for the “Presidency”.
8.	General Dogbo Blé	Born 2 February 1959 in Daloa.	Head of the Republican Guard. Took part in the offensive of 4-6 November 2004 and the events of the following days in Abidjan. Member of the death squads. Implicated in repression of popular movements.
9.	Mr Paul Antoine Bohoun Bouabré	Born 9 February 1957 in Issia Passport number: PD – AE 015 FO 02	Former Minister for Planning and Development.
10.	Sub-prefect Oulaï Delefosse		Former liaison officer in the LIMA force. Leader in the Great West Patriotic Resistance Union (UPRGO). Responsible for threats against soldiers of the LICORNE force. Implicated in recruitment of Liberian mercenaries. Head of a pro-Gbagbo militia. Implicated in acts of brutality.
11.	Admiral Vagba Faussignau	Born 31 December 1954 in Bobia.	Commander of the Ivorian Navy – deputy chief of staff.
12.	Pastor Gammi		Head of the Ivorian Movement for the Liberation of Western Côte d'Ivoire (MILOCI). Implicated in the attack on Logoualé (28 February 2005). Implicated in brutality against non-indigenous populations in the West in November and December 2010.
13.	Mr Laurent Gbagbo	Born 31 May 1945 in Gagnoa	Supposedly President of the Republic
14.	Ms Simone Gbagbo	Born 20 June 1949 in Moossou	Wife of Mr Gbagbo. President of the Ivorian Popular Front (FPI) group in the National Assembly. Suspected of maintaining parallel political/religious networks opposed to the international resolutions.
15.	General Guiai Bi Poin	Born 31 December 1954 in Gounela.	Head of the Security Operations Command Centre (CECOS). Implicated in the repression of March 2004.

			Implicated in the Hôtel Ivoire incident (November 2004). Implicated in the repression of the popular risings of February, November and December 2010.
16.	Mr Denis Maho Glofiei	Born in Val de Marne, France	Leader in the Great West Liberation Front (FLGO). Head of a pro-Gbagbo militia. Implicated in brutality.
17.	Captain Anselme Séka Yapo	Born 2 May 1973 in Adzopé	Bodyguard to Ms Gbagbo. Member of the death squads. Implicated in brutality and murders.
18.	Mr Désiré Tagro	Born 27 January 1959 in Issia Passport number: PD – AE 065FH08.	Supposedly Minister for the Interior, Secretary-General of the “Presidency”. Implicated in violent repression of the popular risings of February, November and December 2010.
19.	Mr Paul Yao N'Dré	Born 29 December 1956.	President of the Constitutional Council. Knowingly validated false results for the presidential elections of 31 October and 28 November 2010.’

Fylgiskjal 3.**Ákvörðun ráðsins 2011/18/SSUÖ**

frá 14. janúar 2011

**um breytingu á ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ
um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 13. desember 2010 lagði ráðið áherslu á mikilvægi forsetakosninganna, sem fram fóru hinn 31. október og hinn 28. nóvember 2010, til að koma aftur á friði og stöðugleika á Cote d'Ivoire og lýsti því yfir að brýnt væri að virða ósk Cote d'Ivoire-manna um fullveldi.
- 3) Hinn 17. desember 2010 hvatti leiðtogaráðið alla leiðtoga Cote d'Ivoire, jafnt borgaralega leiðtoga sem leiðtoga hersins, sem hafa ekki enn virt vald lýðræðislega kjörins forseta, hr. Alassan Ouattara, að gera það.
- 4) Hinn 22. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/801/SSUÖ ⁽²⁾ um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ til þess að takmarka ferðir þeirra sem standa í vegi fyrir friði og þjóðarsátt, einkum þeirra sem tefla réttir niðurstöðu kosninganna í tvísýnu.
- 5) Hinn 11. janúar 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/17/SSUÖ ⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ í því skyni að bæta fleiri einstaklingum til viðbótar á listann yfir þá sem ferðatakmarkanir gilda um.
- 6) Í ljósi hins alvarlega ástands á Cote d'Ivoire ber að samþykkja viðbótarþvingunaraðgerðir gegn fyrrnefndum einstaklingum.
- 7) Auk þess ber að breyta listanum yfir einstaklinga sem falla undir þær þvingunaraðgerðir sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/656/SSUÖ og uppfæra upplýsingar um tiltekna einstaklinga á listanum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/656/SSUÖ:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. gr.:

„5. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem eru í eigu eða undir beinni eða óbeinni stjórn:
 - a) þeirra einstaklinga sem um getur í I. viðauka og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir og um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., eða fjármuni og efnahagslegan auð sem eru í vörslu rekstrareininga, sem fyrrnefndir einstaklingar eiga eða sem eru undir beinni eða óbeinni stjórn þeirra, eða eru í vörslu annarra einstaklinga sem koma fram fyrir hönd fyrrnefndra einstaklinga eða sem starfa samkvæmt fyrirmælum þeirra og sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir,
 - b) þeirra einstaklinga eða rekstrareininga sem um getur í II. viðauka og ekki eru á listanum í I. viðauka og sem standa í vegi fyrir friði og þjóðarsátt, einkum þeirra sem tefla rétttri niðurstöðu kosninganna í tvísýnu, eða fjármuni og efnahagslegan auð sem eru í vörslu rekstrareininga, sem fyrrnefndir einstaklingar eða rekstrareiningar eiga eða sem eru undir beinni eða óbeinni stjórn þeirra, eða eru í vörslu annarra einstaklinga sem koma fram fyrir hönd fyrrnefndra einstaklinga eða rekstrareininga eða sem starfa samkvæmt fyrirmælum þeirra,
2. Enga fjármuni, fjáreignir eða efnahagslegan auð skal, með beinum eða óbeinum hætti, gera aðgengilegan einstaklingum eða rekstrareiningum er um getur í 1. mgr. eða þeim til hagsbóta.
3. Aðildarríki geta gert ráð fyrir undanþágum frá þeim aðgerðum er um getur í 1. og 2. mgr., að því er varðar fjármuni og efnahagslegan auð sem eru:
 - a) nauðsynlegir vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,
 - b) eingöngu ætlaðir til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðiþjónustu,
 - c) eingöngu ætlaðir til að greiða þóknun eða þjónustugjöld, samkvæmt landslögum, fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna og efnahagslegs auðs,
 - d) nauðsynlegir vegna óvenjulegra útgjalda,
 - e) andlag veðsetningar eða úrskurðar af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þegar undanþágan kveður á um að nota megi fjármunina og hinn efnahagslega auð til þess að uppfylla skilyrði veðsetningarinnar eða fullnægja úrskurðinum, að því tilskildu að veðsetningin eða úrskurðurinn hafi verið skráður áður en framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir eða ráðið tilgreindi viðkomandi einstakling eða rekstrareiningu og sé ekki til hagsbóta fyrir einstakling eða rekstrareiningu er um getur í þessari grein.

Að því er varðar einstaklinga og rekstrareiningar sem eru skráð í I. viðauka:

- getur hlutaðeigandi aðildarríki veitt undanþágurnar, er um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlan sína að heimila, eftir því sem við á og hafni framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir því ekki innan tveggja virkra daga frá slíkri tilkynningu, aðgang að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði,
 - getur hlutaðeigandi aðildarríki veitt undanþáguna, er um getur d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um það og að fram komnu samþykki hennar,
 - getur hlutaðeigandi aðildarríki veitt undanþáguna, er um getur e-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um það.
4. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki þegar eftirfarandi er lagt inn á frysta reikninga:
 - a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
 - b) greiðslur sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu andlag þvingunaraðgerða samkvæmt sameiginlegri afstöðu 2004/852/SSUÖ eða ákvörðun þessari,
 að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur falli áfram undir ákvæði 1. mgr.“

2. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.
2. Endurskoða ber ákvörðun þessa, breyta henni eða fella hana úr gildi, eftir því sem við á, samkvæmt viðeigandi ákvörðunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

3. Þær aðgerðir er um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. og b-lið 1. mgr. 5. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti. Þær skulu falla úr gildi gagnvart viðkomandi einstaklingum og rekstrareiningum ákvarði ráðið, samkvæmt þeirri málsmeðferð er um getur í 2. mgr. 6. gr., að skilyrðin fyrir því að grípa til þeirra séu ekki lengur fyrir hendi.“

2. gr.

Í stað II. viðauka við ákvörðun 2010/656/SSUÖ komi viðaukinn við ákvörðun þessa.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 14. janúar 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

J. MARTONYI

forseti.

(1) Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

(2) Stjtið. ESB L 341, 23.12.2010, bls. 45.

(3) Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 31.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. og b-lið 1. mgr. 5. gr.

A. Persons

	Name (and any aliases)	Identifying information	Grounds for designation
1.	Mr Pascal Affi N'Guessan	Born 1 January 1953 in Bouadikro Passport number: PD-AE 09DD00013.	President of the Ivorian Popular Front (FPI): Obstruction of the peace and reconciliation processes; public incitement to hatred and violence.
2.	Lieutenant-Colonel Nathanaël Ahouman Brouha	Born 6 June 1960	Commander of the Security Group of the Presidency of the Republic (GSPR). Responsible for serious violations of human rights and international humanitarian law in Côte d'Ivoire; senior military officer refusing to place himself under the authority of the democratically elected President.
3.	Mr Gilbert Marie Aké N'Gbo	Born 8 October 1955 in Abidjan Passport number: 08 AA 61107 (due to expire on 2 April 2014)	Supposedly Prime Minister and Minister for Planning and Development: Participation in the illegitimate government of Mr Laurent Gbagbo.
4.	Mr Pierre Israël Amessan Brou		Director General of Radio Télévision Ivoirienne (RTI): Obstruction of the peace and reconciliation processes through public incitement to hatred and violence and through participation in disinformation campaigns in connection with the 2010 presidential election.
5.	Mr Frank Anderson Kouassi		President of the National Audiovisual Communication Council (CNCA): Obstruction of the peace and reconciliation processes through public incitement to hatred and violence and through participation in disinformation campaigns in connection with the 2010 presidential election; senior official refusing to place himself under the authority of the democratically elected President.

6.	Ms Nadiani Bamba	Born 13 June 1974 in Abidjan Passport number: PD - AE 061 FP 04	Director of the Cyclone group which publishes the newspaper "Le Temps": Obstruction of the peace and reconciliation processes through public incitement to hatred and violence and through participation in disinformation campaigns in connection with the 2010 presidential election.
7.	Mr Kadet Bertin	Born around 1957 in Mama	Security adviser to Mr Gbagbo: Obstruction of the peace and reconciliation processes; senior official refusing to place himself under the authority of the democratically elected President. Instigator of campaigns of intimidation and repression.
8.	General Dogbo Blé	Born 2 February 1959 in Daloa	Head of the Republican Guard. Obstruction of the peace and reconciliation processes; responsible for serious violations of human rights and international humanitarian law in Côte d'Ivoire; senior military officer refusing to place himself under the authority of the democratically elected President.
9.	Mr Paul Antoine Bohoun Bouabré	Born 9 February 1957 in Issia Passport number: PD AE 015 FO 02	Former Minister of State, senior official in the FPI: Obstruction of the peace and reconciliation processes; refusal to accept the result of the presidential election.
10.	Sub-prefect Oulaï Delefosse	Born 28 October 1968	Leader in the Great West Patriotic Resistance Union (UPRGO): Obstruction of the peace and reconciliation processes through refusal to disarm and refusal to place himself under the authority of the democratically elected President.
11.	Admiral Vagba Faussignau	Born 31 December 1954 in Bobia	Commander of the Ivorian Navy - deputy chief of staff: Responsible for serious violations of human rights and international humanitarian law in Côte d'Ivoire; senior military officer refusing to place himself under the authority of the democratically elected President;
12.	Pastor Gammi		Head of the Ivorian Movement for the Liberation of Western Côte d'Ivoire (MILOCI): Obstruction of the peace and reconciliation processes through refusal to disarm and refusal to place himself under the authority of the democratically elected President.
13.	Mr Laurent Gbagbo	Born 31 May 1945 in Gagnoa	Supposedly President of the Republic: Obstruction of the peace and reconciliation processes; refusal to accept the result of the presidential election.
14.	Ms Simone Gbagbo	Born 20 June 1949 in Moossou	President of the Ivorian Popular Front (FPI) group in the National Assembly. Obstruction of the peace and reconciliation processes; public incitement to hatred and violence.
Í stað „Justin Koné Katina“ komi „Justin Koné Katinan“.

III. Færslan fyrir eftirfarandi aðila falli brott:

Oulaï Delafosse.

Fylgiskjal 8.

Ákvörðun ráðsins 2014/460/SSUÖ
frá 14. júlí 2014
um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ
um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ (¹).
- 2) Hinn 29. apríl 2014 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2153 (2014) um framlengingu og breytingu á vopnasölubanni gagnvart Cote d'Ivoire, sem einkum felst í því að bann við afhendingu, sölu eða tilfærslu til Cote d'Ivoire á vopnum og tengdum herbúnaði tekur ekki lengur til tengds, óbanvæns herbúnaðar. Ennfremur hefur banni við innflutningi á óslípuðum demöntum frá Cote d'Ivoire verið aflétt.
- 3) Því ber að breyta ákvörðun 2010/656/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/656/SSUÖ:

- 1) Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vopn og tengdan banvænan herbúnað, svo og búnað sem nota má til bælingar innanlands, til Cote d'Ivoire, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrnefnd tæki og tól eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:
 - a) afhendingu vara sem einungis eru ætlaðar til stuðnings við eða nota fyrir verkefni Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire og franska liðsaflann sem styður þær og vara sem fluttar eru um yfirráðasvæði Cote d'Ivoire og ætlaðar eru til stuðnings eða nota við friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna,
 - b) eftirfarandi, sem nefndinni, sem stofnuð er skv. 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP 1572 (2004) („framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir“), hefur verið tilkynnt um fyrirfram:
 - i. afhendingu vara sem fluttar eru út tímabundið til Cote d'Ivoire til liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða í samræmi við reglur þjóðaréttar, eingöngu og beinlínis til þess að greiða fyrir brottflutningi eigin ríkisborgara og þeirra sem það hefur ábyrgð gagnvart á Cote d'Ivoire í krafti ræðissambands,
 - ii. afhendingu vopna og tengds banvæns herbúnaðar til öryggisveita Cote d'Ivoire, sem einungis eru ætluð til stuðnings eða nota við umbætur Cote d'Ivoire á sviði öryggismála, að fengnu fyrirframsamþykki framkvæmdanefndarinnar, þó ekki vopna og tengds banvæns herbúnaðar sem fram kemur í III. viðauka við þessa ákvörðun,
 - c) afhendingu óbanvæns búnaðar sem unnt er að nota til bælingar innanlands og sem eingöngu er ætlaður til þess að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er upp haldið,
 - d) afhendingu búnaðar, sem unnt er að nota til bælingar innanlands, til öryggisveita Cote d'Ivoire, einungis til stuðnings eða nota við umbætur Cote d'Ivoire á sviði öryggismála.
2. Ábyrgð á tilkynningum eða beiðnum um samþykki til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, áður en vörusendingar vopna og tengds banvæns herbúnaðar eru sendar til öryggisveita Cote d'Ivoire eins og um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr., liggur fyrst og fremst hjá stjórnvöldum Cote d'Ivoire. Einnig getur aðildarríki sem veitir aðstoð annast þessa tilkynningu eða beiðni um samþykki þegar það hefur upplýst stjórnvöld Cote d'Ivoire um þá fyrirætlun sína.“

- 2) Ákvæði 3. gr. falli brott.

2. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun bætist við sem III. viðauki við ákvörðun 2010/656/SSUÖ.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 14. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MARTINA

forseti.

(¹) Ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire (Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28).

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Skrá yfir vopn og tengdan banvænan herbúnað sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr.:

1. Weapons, direct and indirect fire artillery, and guns with a calibre bigger than 12,7 mm, their ammunition and components.
2. Rocket propelled grenades, rockets, light anti-tank weapons, rifle grenades and grenade-launchers.
3. Surface-to-air missiles, including man portable air defence systems (Manpads); surface-to-surface missiles; and air-to-surface missiles.
4. Mortars with a calibre bigger than 82 mm.
5. Guided anti-tank weapons, especially guided anti-tank missiles, their ammunition and components.
6. Armed aircraft, including rotary wing or fixed wing.
7. Military armed vehicles or military vehicles equipped with weapon mounts.
8. Explosive charges and devices containing explosive materials, designed for military purpose, mines and related materiel.
9. Night observation and night shooting devices.“

Fylgiskjal 9.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005

frá 31. janúar 2005

um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60. og 301. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu ráðsins 2004/852/SSUÖ frá 13. desember 2004 um þvingunaraðgerðir gegn Cote d'Ivoire (¹),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ályktun nr. 1572 (2004) frá 15. nóvember 2004 ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við ákvæði VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna um leið og það harmar áframhaldandi hernaðaráttök á Cote d'Ivoire og endurtekin brot á vopnahléssamningnum frá 3. maí 2003, að beina tilteknum þvingunaraðgerðum gegn Cote d'Ivoire.
- 2) Í sameiginlegri afstöðu ráðsins 2004/852/SSUÖ er kveðið á um að hrinda aðgerðum, sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004), í framkvæmd, m.a. banni við tækni- og

fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi og banni við afhendingu tækjabúnaðar sem nota má til bælingar innanlands.

- 3) Aðgerð þessi fellur undir gildissvið sáttmálans og því er, til að forðast röskun á samkeppni, þörf á löggjöf Evrópubandalagsins henni til framkvæmdar, að því er Evrópubandalagið varðar. Að því er reglugerð þessa varðar telst yfíráðasvæði Evrópubandalagsins vera þau yfíráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til samkvæmt þeim skilyrðum sem sáttmálinn mælir fyrir um.
- 4) Reglugerð þessi öðlist gildi daginn sem hún er birt til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „tækniástoð“ merkir tæknilegan stuðning í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; tækniástoð getur m.a. verið munnleg,
2. „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót eftir ákvæðum 14. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004).

2. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að veita, selja, afhenda eða færa tækniástoð, sem tengist herstarfsemi, til hvaða aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire, með beinum eða óbeinum hætti,
- b) að fjármagna eða veita fjárhagsástoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og greiðsluvátrygging vegna útflutnings vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á vopnum og tegundum hergögnum eða vegna veitingar, sölu, afhendingar eða færslu skyldrar tækniástoðar eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareininga eða stofnana á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar beint eða óbeint að því eða hefur þær afleiðingar að stuðla að þeim viðskiptum er um getur í a- og b-lið.

3. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, tækjabúnað, sem nota má til bælingar innanlands og um getur í I. viðauka, hvort sem hann er upprunninn í Evrópusambandinu eða ekki, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- b) að veita, selja, afhenda eða tilfæra tækniástoð, sem tengist þeim tækjabúnaði er um getur í a-lið, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareininga eða stofnana á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- c) að afhenda, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist þeim tækjabúnaði er um getur í a-lið, hvaða aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- d) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar beint eða óbeint að því, eða hefur þær afleiðingar, að stuðla að þeim viðskiptum er um getur í a-, b- eða c-lið.

4. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda þau bönn sem þar um getur ekki um:

- a) að veita tækniástoð, fjármagn og fjárhagsástoð, sem tengjast vopnum og skyldum hergögnum, þegar slíkri ástoð eða þjónustu er eingöngu ætlað að styrkja verkefni Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire og franskan liðsafla sem aðstoðar við verkefnið,
- b) að veita tækniástoð sem tengist herbúnaði, sem er ekki banvænn og einungis ætlaður til notkunar í mannúðar- eða verndarskyni, þ.m.t. búnaði af því tagi sem er ætlaður til hættustjórnunaraðgerða ESB, SP, Afríkusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS), hafi framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einnig samþykkt fyrirnefndar aðgerðir fyrirfram,
- c) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist herbúnaði, sem er ekki banvænn og einungis ætlaður til notkunar í mannúðar- eða verndarskyni, þ.m.t. búnaði af því tagi sem er ætlaður til

hættustjórnunaraðgerða ESB, SP, Afríkusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS),

- d) að veita tækniástoð sem tengist vopnum og skyldum herbúnaði sem eru einungis ætluð til styrktar eða notkunar við endurskipulagningu varnar- og öryggissveita skv. f-lið 3. mgr. Linas-Marcoussis-samkomulagsins, hafi framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einnig samþykkt fyrirframar aðgerðir fyrirfram,
- e) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist vopnum og skyldum herbúnaði sem eru einungis ætluð til styrktar eða notkunar við endurskipulagningu varnar- og öryggissveita skv. f-lið 3. mgr. Linas-Marcoussis-samkomulagsins,
- f) að selja eða afhenda efni sem eru færð til eða flutt út til Cote d'Ivoire um stundarsakir og ætluð liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða samkvæmt reglum þjóðaréttar, einvörðungu og beinlínis í því skyni að greiða fyrir brottflutningi ríkisborgara sinna og þeirra sem það hefur ábyrgð gagnvart á Cote d'Ivoire í krafti ræðissambands, hafi framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir einnig verið tilkynnt um þær aðgerðir fyrirfram.

2. Heimilda fyrir þeim aðgerðum er um getur í 1. mgr., t.d. þegar krafa er gerð um samþykki framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir eða um tilkynningu til hennar, skal aflað með atbeina viðkomandi lögbærs stjórnvalds, sbr. lista í II. viðauka, þess aðildarríkis þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu eða þess aðildarríkis sem er útflytjandi.

3. Engar heimildir skal veita fyrir aðgerðum sem þegar hafa farið fram.

5. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. brakhelda jakka og herhjalma, sem starfsfólk SP, starfsfólk ESB, Evrópubandalagsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur tímabundið flutt út til Cote d'Ivoire, eingöngu til eigin nota.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvort öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dómsniðurstöður innlendra dómstóla.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

8. gr.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim verði beitt. Þau viðurlög sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

9. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling, innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópubandalagsins, sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða lögformlega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem stundar viðskipti í Evrópubandalaginu.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2005.

Fyrir hönd ráðsins,

J. ASSELBORN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir tækjabúnað sem nota má til bælingar innanlands eins og um getur í 3. gr.

Eftirfarandi skrá tekur ekki til hluta sem hafa verið sérhannaðir eða sérstaklega breytt til hernaðarmota.

1. Helmets providing ballistic protection, anti-riot helmets, anti-riot shields and ballistic shields and specially designed components therefor.
2. Specially designed fingerprint equipment.
3. Power-controlled searchlights.
4. Construction equipment provided with ballistic protection.
5. Hunting knives.
6. Specially designed production equipment to make shotguns.
7. Ammunition hand-loading equipment.
8. Communications intercept devices.
9. Solid-state optical detectors.
10. Image-intensifier tubes.
11. Telescopic weapon sights.
12. Smooth-bore weapons and related ammunition, other than those specially designed for military use, and specially designed components therefor; except:
 - signal pistols;
 - air- and cartridge-powered guns designed as industrial tools or humane animal stunners.
13. Simulators for training in the use of firearms and specially designed or modified components and accessories therefor.
14. Bombs and grenades, other than those specially designed for military use, and specially designed components therefor.
15. Body armour, other than that manufactured to military standards or specifications, and specially designed components therefor.
16. All-wheel-drive utility vehicles capable of off-road use that have been manufactured or fitted with ballistic protection, and profiled armour for such vehicles.
17. Water cannon and specially designed or modified components therefor.
18. Vehicles equipped with a water cannon.
19. Vehicles specially designed or modified to be electrified to repel boarders and components therefor specially designed or modified for that purpose.
20. Acoustic devices represented by the manufacturer or supplier as suitable for riot-control purposes, and specially designed components therefor.
21. Leg-irons, gang-chains, shackles and electric-shock belts, specially designed for restraining human beings, except handcuffs for which the maximum overall dimension including chain does not exceed 240 mm when locked.
22. Portable devices designed or modified for the purpose of riot control or self-protection by the administration of an incapacitating substance (such as tear gas or pepper sprays), and specially designed components therefor.
23. Portable devices designed or modified for the purpose of riot control or self-protection by the administration of an electric shock (including electric-shock batons, electric shock shields, stun guns and electric shock dart guns (tasers)) and components therefor specially designed or modified for that purpose.
24. Electronic equipment capable of detecting concealed explosives and specially designed components therefor, except TV or X-ray inspection equipment.

25. Electronic jamming equipment specially designed to prevent the detonation by radio remote control of improvised devices and specially designed components therefor.
26. Equipment and devices specially designed to initiate explosions by electrical or non-electrical means, including firing sets, detonators, igniters, boosters and detonating cord, and specially designed components therefor, except those specially designed for a specific commercial use consisting of the actuation or operation by explosive means of other equipment or devices the function of which is not the creation of explosions (e.g., car air-bag inflaters, electric-surge arresters of fire sprinkler actuators).
27. Equipment and devices designed for explosive ordnance disposal; except:
 - bomb blankets;
 - containers designed for folding objects known to be, or suspected of being improvised explosive devices.
28. Night vision and thermal imaging equipment and image intensifier tubes or solid state sensors therefor.
29. Linear cutting explosive charges.
30. Explosives and related substances as follows:
 - amatol,
 - nitrocellulose (containing more than 12,5 % nitrogen),
 - nitroglycol,
 - pentaerythritol tetranitrate (PETN),
 - picryl chloride,
 - tinitorphenylmethylnitramine (tetryl),
 - 2,4,6-trinitrotoluene (TNT)
31. Software specially designed and technology required for all listed items.

II. VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Fylgiskjal 10.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1032/2010
frá 15. nóvember 2010
um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005
um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005 frá 31. janúar 2005 um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi ⁽²⁾ er kveðið á um bann við útflutningi á tækjabúnaði sem nota mætti til bælingar innanlands og við veitingu tiltekinnar tækniástoðar, fjármögnun og fjárhagsástoð. Fyrirnefndar takmarkanir voru samþykktar í samræmi við sameiginlega afstöðu ráðsins 2004/852/SSUÖ frá 13. desember 2004 um þvingunaraðgerðir gegn Cote d'Ivoire ⁽³⁾.
- 2) Nauðsyn ber til, með tilliti til ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1946 (2010) frá 15. október 2010 og ákvörðunar 2010/656/SSUÖ, að breyta reglugerð (EB) nr. 174/2005 til að heimila útflutning á óbanvænum búnaði, sem og óbanvænum búnaði sem nota má til bælingar innanlands, sem eingöngu er ætlaður til að gera öryggissveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi til þess að viðhalda allsherjarreglu, og að heimila að veitt sé tengd tækniástoð, fjármögnun og fjárhagsástoð.
- 3) Uppfæra ber listann yfir tækjabúnað, sem nota má til bælingar innanlands, að fram komnum tilmælum sérfræðinga og að teknu tilliti til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1236/2005 frá 27. júní 2005 um viðskipti með tiltekna vörur sem unnt er að nota til aftöku, pyntinga eða annarrar grimmдарlegrar, ómannúðlegrar eða niðurlægjandi meðferðar eða refsingar ⁽⁴⁾.

- 4) Rétt er að uppfæra greinina um lögsögu Evrópusambandsins með tilliti til nýjustu aðferða við ritun lagatexta.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 174/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 174/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda bönn, sem þar um getur, ekki um:

- a) að veita tækniástoð, fjármagn og fjárhagsástoð sem tengist vopnum og tengdum gögnum, ef slík ástoð eða þjónusta er eingöngu ætluð til stuðnings og notkunar við aðgerðir Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire (UNOCI) og franska liðsaflans sem styður þær,
- b) að veita tækniástoð í tengslum við óbanvænan herbúnað, sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskygni, þ.m.t. slíkur búnaður til nota við hættustjórnunaraðgerðir Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS), ef framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur einnig samþykkt slíkar aðgerðir fyrirfram,
- c) að veita fjármagn og fjárhagsástoð sem tengist óbanvænum herbúnaði og einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskygni, þ.m.t. slíkur búnaður til nota við hættustjórnunaraðgerðir Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS),
- d) að veita tækniástoð sem tengist vopnum og tengdum gögnum og eingöngu er ætluð til stuðnings eða notkunar við endurskipulagningu varnar- og öryggissveita skv. f-lið 3. mgr. Linas-Marcoussis-samkomulagsins, ef framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur einnig samþykkt slíkar aðgerðir fyrirfram,
- e) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist vopnum og tengdum gögnum og eingöngu er ætluð til stuðnings eða notkunar við endurskipulagningu varnar- og öryggissveita skv. f-lið 3. mgr. Linas-Marcoussis-samkomulagsins,
- f) sölu eða birgðir sem eru tilfærðar eða fluttar út tímabundið til Cote d'Ivoire til liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða í samræmi við reglur þjóðaréttar, eingöngu og beinlínis til þess að greiða fyrir brottflutningi eigin ríkisborgara og þeirra sem það hefur ábyrgð gagnvart á Cote d'Ivoire í krafti ræðissambands, ef framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir hefur einnig verið tilkynnt um slíkar aðgerðir fyrirfram,
- g) að veita tækniástoð, fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist óbanvænum herbúnaði sem einungis er ætlaður til þess að gera öryggissveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins víðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er haldið uppi.“

- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. lista í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn eða þjónustuveitandinn hefur staðfestu heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á óbanvænum búnaði, sem skráður er í I. viðauka, eða að veitt sé tækniástoð, fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist slíkum óbanvænum búnaði, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi óbanvænn búnaður sé einungis ætlaður til að gera öryggissveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins víðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er haldið uppi.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt 1. mgr.

3. Engar heimildir skal veita fyrir starfsemi sem þegar hefur farið fram.

- 3) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirlýðingum Evrópusambandsins, m.a. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirlýðingum Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,

- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, með tilliti til viðskipta sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópusambandsins.“
- 4) Í stað I. viðauka komi textinn í viðaukanum við reglugerð þessa.
- 5) Í stað fyrirsagnar II. viðauka komi eftirfarandi:
„Skrá yfir lögbær stjórnvöld er um getur í 4. gr. og 4. gr. a.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. október 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2010.

Fyrir hönd ráðsins,
S. VANACKERE
forseti.

- ⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.
⁽²⁾ Stjtið. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5.
⁽³⁾ Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50.
⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 200, 30.7.2005, bls. 1.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tækjabúnað sem nota má til bælingar innanlands eins og um getur í 3. gr. og 4. gr. a.

1. Fire-arms, ammunition and related accessories therefor, as follows:
 - 1.1 Firearms not controlled by ML 1 and ML 2 of the Common Military List of the European Union ⁽¹⁾ (“EU Common Military List”);
 - 1.2 ammunition specially designed for the firearms listed in 1.1 and specially designed components therefor;
 - 1.3 Weapon-sights not controlled by the EU Common Military List.
2. Bombs and grenades not controlled by the EU Common Military List.
3. Vehicles as follows:
 - 3.1 Vehicles equipped with a water cannon, specially designed or modified for the purpose of riot control;
 - 3.2 Vehicles specially designed or modified to be electrified to repel borders;
 - 3.3 Vehicles specially designed or modified to remove barricades, including construction equipment with ballistic protection;
 - 3.4 Vehicles specially designed for the transport or transfer of prisoners and/or detainees;
 - 3.5 Vehicles specially designed to deploy mobile barriers;
 - 3.6 Components for the vehicles specified in 3.1 to 3.5 specially designed for the purposes of riot control.

Note 1 This item does not control vehicles specially designed for the purposes of fire-fighting.
Note 2 For the purposes of item 3.5 the term “vehicles” includes trailers.
4. Explosive substances and related equipment as follows:
 - 4.1 Equipment and devices specially designed to initiate explosions by electrical or non-electrical means, including firing sets, detonators, igniters, boosters and detonating cord, and specially designed components therefor; except those specially designed for a specific commercial use consisting of the actuation or operation by explosive means of other equipment or devices the

- function of which is not the creation of explosions (e.g. car air-bag inflaters, electric-surge arresters of fire sprinkler actuators);
- 4.2 Linear cutting explosive charges not controlled by the EU Common Military List;
 - 4.3 Other explosives not controlled by the EU Common Military List and related substances as follows:
 - a. amatol;
 - b. nitrocellulose (containing more than 12,5 % nitrogen);
 - c. nitroglycol;
 - d. pentaerythritol tetranitrate (PETN);
 - e. picryl chloride;
 - f. 2,4,6-trinitrotoluene (TNT).
 5. Protective equipment not controlled by ML 13 of the EU Common Military List as follows:
 - 5.1 Body armour providing ballistic and/or stabbing protection;
 - 5.2 Helmets providing ballistic and/or fragmentation protection, anti-riot helmets, anti-riot shields and ballistic shields.

Note This item does not control:

 - *equipment specially designed for sports activities;*
 - *equipment specially designed for safety of work requirements.*
 6. Simulators, other than those controlled by ML 14 of the EU Common Military List, for training in the use of firearms, and specially designed software therefor.
 7. Night vision, thermal imaging equipment and image intensifier tubes, other than those controlled by the EU Common Military List.
 8. Razor barbed wire.
 9. Military knives, combat knives and bayonets with blade lengths in excess of 10 cm.
 10. Production equipment specially designed for the items specified in this list.
 11. Specific technology for the development, production or use of the items specified in this list.“

(¹) Stjtið. ESB C 69, 18.3.2010, bls. 19.

Fylgiskjal 11.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 668/2011

frá 12. júlí 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 174/2005

um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2011/412/SSUÖ frá 12. júlí 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire (¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ (²) um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 174/2005 (³) voru settar takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- 3) Með ákvörðun 2011/412/SSUÖ var ákvörðun 2010/656/SSUÖ breytt með tilliti til ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1980 (2011). Í fyrstnefndu ákvörðuninni var einnig kveðið á um undanþágu með tilliti til bannsins við afhendingu tækjabúnaðar til Cote d'Ivoire sem nota má til bælingar innanlands.
- 4) Fyrirnefndar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 174/2005 til samræmis við það.
- 6) Reglugerð þessi skal öðlast gildi um leið og hún er birt til þess að tryggja sé að þær ráðstafanir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 174/2005:

1) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda þau bönn sem þar um getur ekki um það:

- a) að veita tækniástoð, fjármagn og fjárhagsástoð, sem tengjast vopnum og skyldum hergögnum, þegar slíkri ástoð eða þjónustu er eingöngu ætlað að styrkja, eða vera til nota fyrir, verkefni Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire og franskan liðsafla sem ástoðar við verkefnið,
- b) að veita tækniástoð sem tengist herbúnaði, sem er ekki banvænn og einungis ætlaður til notkunar í mannúðar- eða verndarskyni, þ.m.t. búnaði af því tagi sem er ætlaður til hættustjórnunaraðgerða Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS), hafi framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einnig samþykkt fyrirnefndar aðgerðir fyrirfram,
- c) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist herbúnaði, sem er ekki banvænn og einungis ætlaður til notkunar í mannúðar- eða verndarskyni, þ.m.t. búnaði af því tagi sem er ætlaður til hættustjórnunaraðgerða Evrópusambandsins, Sameinuðu þjóðanna, Afrikusambandsins og Efnahagsbandalags Vestur-Afríkuríkja (ECOWAS),
- d) að veita tækniástoð, sem tengist vopnum og skyldum herbúnaði sem eru einungis ætluð til styrktar eða notkunar við endurskipulagningu Cote d'Ivoire-manna á öryggismálum, að fram kominni formlegri beiðni ríkisstjórnar Cote d'Ivoire þar um og samkvæmt fyrirframsamþykki framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir,
- e) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vopnum og skyldum herbúnaði sem eru einungis ætluð til styrktar eða notkunar við endurskipulagningu Cote d'Ivoire-manna á öryggismálum, að fram kominni formlegri beiðni ríkisstjórnar Cote d'Ivoire þar um,
- f) að selja eða afhenda efni, sem eru færð eða flutt út til Cote d'Ivoire um stundarsakir og ætluð liðsafla ríkis sem grípur til aðgerða samkvæmt reglum þjóðaréttar, einvörðungu og beinlínis í því skyni að greiða fyrir brottflutningi ríkisborgara sinna og þeirra sem það hefur ábyrgð gagnvart á Cote d'Ivoire í krafti ræðissambands, hafi framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir einnig verið tilkynnt um þær aðgerðir fyrirfram,
- g) að veita tækniástoð, fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist herbúnaði sem ekki er banvænn og einungis ætlaður til þess að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er upp haldið.“

2) Eftirfarandi komi í stað 4. gr. a:

„4. gr. a

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. lista í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn eða þjónustuveitandinn hefur staðfestu, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á tækjabúnaði sem ekki er banvænn og er á lista í I. viðauka eða að veitt sé tækniástoð, fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist slíkum óbanvænum búnaði, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi óbanvænn búnaður sé einungis ætlaður til að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er upp haldið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. lista í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn eða þjónustuveitandinn hefur staðfestu, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á tækjabúnaði sem nota má til bælingar innanlands, sbr. lista í I. viðauka, og einungis er ætlaður til styrktar endurskipulagningu Cote d'Ivoire-manna á öryggismálum, og heimilað afhendingu fjármagns eða fjárhags- eða tækniástoðar sem tengist fyrirnefndum tækjabúnaði.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild, sem er veitt samkvæmt þessari grein, innan tveggja vikna frá því að heimild er veitt.

4. Engar heimildir skal veita fyrir starfsemi sem þegar hefur farið fram.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2011.

Fyrir hönd ráðsins,
J. VINCENT-ROSTOWSKI
forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 13.7.2011, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5.

Fylgiskjal 12.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 617/2012
frá 10. júlí 2012
um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 174/2005
um takmarkanir á aðstoð við Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/371/SSUÖ frá 10. júlí 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. október 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/656/SSUÖ ⁽²⁾ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2004/852/SSUÖ ⁽³⁾. Reglugerð (EB) nr. 174/2005 ⁽⁴⁾, upphaflega samþykkt til þess að framfylgja sameiginlegri afstöðu 2004/852/SSUÖ, framfylgir einnig ákvörðun 2010/656/SSUÖ á vettvangi Evrópusambandsins með því að takmarka aðstoð til Cote d'Ivoire sem tengist herstarfsemi.
- 2) Með ákvörðun 2012/371/SSUÖ er gildissviði ákvörðunar 2010/656/SSUÖ breytt í ljósi ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2045 (2012) og takmarkanir á veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar felldar úr gildi. Með fyrstnefndri ákvörðun eru takmarkanir á veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, sem tengist búnaði til bælingar innanlands, einnig felldar úr gildi.
- 3) Fyrirnefndar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því, einkum til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 174/2005 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi öðlist gildi þann dag sem hún er birt til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerða á reglugerð (EB) nr. 174/2005:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

„Framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót eftir ákvæðum 14. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004).“

- 2) Ákvæði 2. gr. falli úr gildi.

3) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Lagt er bann við því:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, tækjabúnað, sem nota má til bælingar innanlands og um getur í I. viðauka, hvort sem hann er upprunninn í Evrópu-sambandinu eða ekki, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar á, eða til notkunar á, Cote d'Ivoire,
- b) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar beint eða óbeint að því, eða hefur beinlínis eða óbeinlínis þær afleiðingar, að stuðla að þeim viðskiptum er um getur í a-lið þessarar greinar.“

4) Ákvæði 4. gr. falli úr gildi.

5) Í stað 1. og 2. mgr. 4. gr. a komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. lista í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn eða þjónustuveitandinn hefur staðfestu, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á tækjabúnaði sem ekki er banvænn og um getur í I. viðauka, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi búnaður, sem ekki er banvænn, sé einungis ætlaður til að gera öryggisveitum Cote d'Ivoire kleift að beita aðeins viðeigandi og hóflegu valdi þegar allsherjarreglu er upp haldið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur lögbært stjórnvald, sbr. lista í II. viðauka, í því aðildarríki þar sem útflytjandinn eða þjónustuveitandinn hefur staðfestu, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem það telur við eiga, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á tækjabúnaði, sem nota má til bælingar innanlands, sbr. lista í I. viðauka, og einungis er ætlaður til styrktar endurskipulagningu Cote d'Ivoire-manna á öryggismálum og til stuðnings eða notkunar við aðgerðir Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire (UNOCI) og franska liðsaflans sem styður þær.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2012.

Fyrir hönd ráðsins,

V. SHIARLY

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 179, 11.7.2012, bls. 21.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 29, 2.2.2005, bls. 5.

Fylgiskjal 13.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005

frá 12. apríl 2005

um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60. 301. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu ráðsins 2004/852/SSUÖ frá 13. desember 2004 um þvingunaraðgerðir gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ályktun nr. 1572 (2004) frá 15. nóvember 2004 ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í samræmi við ákvæði VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna um leið og það harmar áframhaldandi hernaðaráttök á Cote d'Ivoire og endurtekin brot á vopnahléssamningnum frá 3. maí 2003, að beina tilteknum þvingunaraðgerðum gegn Cote d'Ivoire.
- 2) Í sameiginlegri afstöðu ráðsins 2004/852/SSUÖ er kveðið á um að hrinda aðgerðum, sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004), í framkvæmd, m.a. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs þeirra einstaklinga sem hin lögbæra framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur bent á og ógna friðarferlinu og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire, einkum þeirra sem hindra framkvæmd samninganna kennda við Linas-Marcoussis og Accra III, sérhvers annars einstaklings sem talinn er, á grundvelli viðeigandi upplýsinga, bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum og brotum gegn alþjóðlegum mannréttum á Cote d'Ivoire, sérhvers annars einstaklings sem kyndir opinberlega undir hatri og ofbeldi og sérhvers annars einstaklings sem framkvæmdanefndin álitur að brjóti gegn vopnasölubanninu sem lagt var á með ályktun nr. 1572 (2004).
- 3) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og til að forðast röskun á samkeppni er því þörf á löggjöf Evrópubandalagsins þeim til framkvæmdar, að því er Evrópubandalagið varðar. Að því er reglugerð þessa varðar telst yferráðasvæði Evrópubandalagsins vera þau yferráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til samkvæmt þeim skilyrðum sem sáttmálinn mælir fyrir um.
- 4) Reglugerð þessi öðlist gildi þann dag sem hún er birt til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót eftir ákvæðum 14. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004),
2. „fjármunir“ merkir hvers konar fjáreignir og greiðslur, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
 - a) reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxla, póstaávísanir og aðra greiðslugerninga,
 - b) inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - c) verðbréf eða skuldaskjöl, sem verslað er með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
 - d) vexti, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - e) lánsviðskipti, rétt til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - f) kreditbréf, farmbréf, reikninga,
 - g) skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum,
 - h) aðra gerninga til fjármögnunar á útflutningi.
3. „frysting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfurfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
4. „efnahagslegur auður“ eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
5. „frysting efnahagslegs auðs“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem eru í eigu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á lista í I. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur, með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eða til hagsbóta fyrir einstaklinga, lögaðila eða rekstrareiningar sem eru á lista í I. viðauka.

3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær aðgerðir er um getur í 1. og 2. mgr., er bönnuð.

3. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna, sbr. lista í II. viðauka, heimilt, að því tilskildu að þau hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun sína að heimila aðgang að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði og hafi þeim ekki borist, innan tveggja virkra daga frá áðurnefndri tilkynningu, ákvörðun framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir þess efnis að þeirri fyrirætlun sé hafnað, að heimila að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa ákvarðað að þeir fjármunir eða efnahagslegur auður er um ræðir sé:

- nauðsynlegur vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,
- eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til vegna lögfræðipjónustu,
- eingöngu ætlaður til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frysstra fjármuna eða efnahagslegs auðs.

2. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er lögbærum stjórnvöldum í aðildarríkjunum, sbr. lista í II. viðauka, heimilt að affrysta tiltekna fjármuni eða efnahagslegan auð eða að gera tiltekna fryssta fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan, eftir að hafa ákvarðað að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að þau hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun sína og að framkvæmdanefndin hafi samþykkt hana samkvæmt þeim skilyrðum sem gert er ráð fyrir skv. e-lið 14. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1572 (2004).

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. mega lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sem skráð eru í II. viðauka, heimila að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- fyrirnefndir fjármunirnir eða efnahagslegur auður sé andlag dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs sem stofnaðist fyrir 15. nóvember 2004 eða andlag dómsuppkvaðningar eða úrskurðar stjórnsýslu-stofnunar eða gerðardóms fyrir þann dag,
- þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrirnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrirnefndum úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- veðið, dómsuppkvaðningin eða úrskurðurinn sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka,
- viðurkenning veðsins eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki,
- viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið, dómsuppkvaðninguna eða úrskurðinn.

5. gr.

Viðkomandi lögbært stjórnvald skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar heimildir veittar skv. 3. og 4. gr.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um viðbætur eftirtalinna þátta við fryssta reikninga:

- vaxta eða annarra tekna af fyrirnefndum reikningum eða
- greiðslna sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem var gengið frá eða stofnuðust fyrir þann dag þegar fyrirnefndir reikningar urðu viðfang reglugerðar þessarar,

að því tilskildu að allir vextir, aðrar tekjur og greiðslur af því tagi séu fryst skv. 1. mgr. 2. gr.

7. gr.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármálastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga aðila eða rekstrareininga sem eru á lista í I. viðauka, færi þá sem tekjur inn á fryssta

reikninga, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er innfært sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- stofnun skal tilkynna viðkomandi lögbærum stjórnvöldum um þess háttar viðskipti án tafar.

8. gr.

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu, samanber þó gildandi reglur um skýrslugjöf, trúnað og þagnarskyldu og ákvæði 284. gr. sáttmálans:

- a) veita lögbærum stjórnvöldum í aðildarríkjunum, sem skráð eru í II. viðauka, þar sem þau hafa heimilisfesti eða eru staðsett, án tafar allar upplýsingar, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum reglugerðar þessarar, t.d. upplýsingar um reikninga og fjárhæðir sem eru fryst skv. 2. gr., og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar, milliliðalaust eða fyrir atbeina fyrrnefndra lögbærra stjórnvalda,
- b) vinna með lögbærum stjórnvöldum, sem talin eru upp í II. viðauka, að því að sannreyna þessar upplýsingar.

2. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku með beinum hætti, skulu gerðar aðgengilegar lögbærum stjórnvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim var veitt viðtaka.

9. gr.

Að frysta fjármuni og efnahagslegan auð eða að synja um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, gert í góðri trú á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, skapar þeim einstaklingi, lögaðila eða rekstrareiningu sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar, eða stjórnendum eða starfsmönnum hans eða hennar ekki ábyrgð af neinu tagi, nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvort öðru allar aðrar upplýsingar, sem máli þau búa yfir og varða reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um niðurstöður innlendra dómstóla.

11. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að:

- a) breyta I. viðauka á grundvelli ákvarðana framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir og
- b) breyta á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

12. gr.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þau viðurlög sem mælt er fyrir um skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

13. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila, innan eða utan yfirráðasvæðis Evrópubandalagsins, sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, hóp eða rekstrareiningu sem er skráð eða er lögformlega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, hóp eða rekstrareiningu sem stundar viðskipti í Evrópubandalaginu.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 12. apríl 2005.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 50.

⁽²⁾ Álití var skílað 24. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

I. VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga eða lögaðila eða rekstrareiningar sem um getur í 2., 4. og 7. gr.

...

II. VIÐAUKI

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Fylgiskjal 14.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1240/2008

frá 10. desember 2008

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005

um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire ⁽¹⁾, einkum a-lið 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005 eru taldir upp þeir einstaklingar, lögaðilar og rekstrareiningar sem frysting fjármuna og efnahagslegs auðs nær til samkvæmt þeirri reglugerð.
- 2) Hinn 18. desember 2006 og 21. október 2008 ákvað framkvæmdanefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir að breyta listanum yfir einstaklinga, sem frysting fjármuna og efnahagslegs auðs ætti að taka til, með því að fullgera þær upplýsingar um þá einstaklinga sem eru þegar þeim lista. Því ber að breyta I. viðauka til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005 komi textinn í viðaukanum við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

ENEKO LANDÁBURU

sviðsstjóri samskipta við ríki utan ESB.

(¹) Stjtið. ESB L 95, 14.4.2005, bls. 1.

VIÐAUKI

No	66/T&Q
Member State	ESP
Stock	DGS/15X14
Species	Spurdog/Dogfish (<i>Squalus acanthias</i>)
Area	EC and international waters of I, V, VI, VII, VIII, XII and XIV
Date	25.10.2008

Fvlgiskjal 15.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 25/2011

frá 14. janúar 2011

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005

um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun 2010/656/SSUÖ frá 29. október 2010 um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire (¹), eins og henni var breytt með ákvörðun 2011/18/SSUÖ frá 14. janúar 2011 (²),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun 2010/656/SSUÖ, með áorðnum breytingum, er kveðið á um að samþykkja þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, enda þótt öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SP) eða Framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi ekki tilgreint þá, sem standa í vegi fyrir friðarferli og þjóðarsátt á Cote d'Ivoire og einkum gegn þeim aðilum sem tefla rétttri niðurstöðu kosninganna í tvísýnu, ennfremur gegn löggaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða lúta stjórn slíkra aðila og aðila, rekstrareininga eða stofnana sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa undir þeirra stjórn.
- 2) Þessar þvingunaraðgerðir rúmast innan gildissviðs sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og þess vegna, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd.
- 3) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og réttinum til verndar persónuupplýsinga. Beita ber ákvæðum reglugerðar þessarar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum. Með reglugerð þessari eru einnig virtar, í einu og öllu, skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og lagalega bindandi eigindir ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
- 4) Vald til að breyta listunum í I. viðauka og I. viðauka A við reglugerð (EB) 560/2005 skal vera í höndum ráðsins í ljósi þeirrar sérstöku ógnunar við frið og öryggi á alþjóðavísu sem ástandið á Cote d'Ivoire leiðir

af sér og til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að breyta og endurskoða I. og II. viðauka við ákvörðun 2010/656/SSUÖ.

- 5) Ef breyta á listunum í I. viðauka og I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005 ætti jafnframt að kynna fyrir tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum forsendur fyrir færslu á lista, til þess að gera þeim kleift að gera athugasemdir. Komi fram athugasemdir, eða séu traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi fyrrnefndra athugasemda og upplýsa hlutaðeigandi aðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.
- 6) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að skapa sem mesta réttarvissu innan Evrópusambandsins skal birta nöfn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta, um þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽⁴⁾.
- 7) Reglugerð þessi skal öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 560/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð, sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru talin upp í I. viðauka eða I. viðauka A.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal vera aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru taldar upp í I. viðauka eða I. viðauka A, með beinum eða óbeinum hætti.
3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar beint eða óbeint að því að sniðganga þær aðgerðir er um getur í 1. og 2. mgr., er bönnuð.
4. I. viðauki nær yfir þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í a-lið 1. mgr.
5. gr. ákvörðunar 2010/656/SSUÖ, með áorðnum breytingum.
5. I. viðauki A nær yfir þá einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr. ákvörðunar 2010/656/SSUÖ, með áorðnum breytingum.“

- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

1. Í I. viðauka og I. viðauka A skal tilgreina ástæður þess að skráðir aðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á lista, eins og öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir skipa til um vegna I. viðauka.
2. Í I. viðauka og I. viðauka A skulu einnig koma fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, eins og öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir kveður á um með tilliti til I. viðauka. Að því er einstaklinga varðar geta slíkar upplýsingar m.a. verið tökuheiti, fæðingardagur og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða atvinna. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð. Í I. viðauka skal einnig koma fram hvaða dag öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir færir viðkomandi á listann.“

- 3) Eftirfarandi komi í stað 3. og 4. gr.:

„3. gr.

1. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, sbr. vefsetrin í II. viðauka, geta, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn

efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- a) nauðsynlegur vegna grunnútgjalda, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja- og lækni meðferðar, skattheimtu, váttryggingariðgjalda og gjalda til opinberra þjónustustofnana,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða annarra eigna,

Í tilfelli aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráður eða skráð í I. viðauka, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um þá fyrirætlun sína að heimila aðgang að fyrrnefndum fjármunum og efnahagslegum auði. Þau skulu ekki heimila slíkan aðgang hafi þeim borist neikvæð ákvörðun frá framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir innan tveggja virkra daga frá fyrrnefndri tilkynningu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og í tilfelli aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráður eða skráð í I. viðauka, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, sbr. vefsetrin í II. viðauka, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna sérstakra útgjalda, að því tilskildu að aðildarríkin hafi tilkynnt þá niðurstöðu framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir og að sú nefnd hafi samþykkt niðurstöðuna samkvæmt þeim skilyrðum sem fram koma í e-lið 14. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1572 (2004).

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og í tilfelli aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráður eða skráð í I. viðauka A, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, sbr. vefsetrin í II. viðauka, heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður sé affrystur eða að tilteknir fjármunir eða tiltekinn efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur vegna sérstakra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki hafi tilkynnt öllum hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, a.m.k. tveimur vikum áður en heimild er gefin, um forsendur þess að það telji að veita beri sérstaka heimild.

4. gr.

Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, sbr. vefsetrin í V. viðauka, geta, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir sé háður veði af hálfu dómstóls, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veði sem var staðfest fyrir þá dagsetningu er sá aðili, rekstrareining eða stofnun er um getur í 2. gr. varð andlag reglugerðar þessarar, eða bundinn niðurstöðu sem dómstóll, stjórnarsýslustofnun eða gerðardómur komst að fyrir þá dagsetningu,
- b) að þeir fjármunir eða sá efnahagslegi auður er um ræðir verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndri niðurstöðu, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) að veðið eða niðurstaðan sé ekki í þágu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í I. viðauka eða I. viðauka A,
- d) að viðurkenning veðsins eða niðurstöðunnar gangi ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki og
- e) varði það eða hún aðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista í I. viðauka, hafi aðildarríkin tilkynnt framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir um veðið eða niðurstöðuna.“

4) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. kemur ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir í Evrópusambandinu leggi fé inn á frysta reikninga, veiti þær viðtöku fjármunum, sem eru færðir yfir á reikning einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á lista, að því tilskildu að viðbótarinnlagnir á slíka reikninga verði einnig frystar. Viðkomandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um öll þess háttar viðskipti án tafar.“

5) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

Bannið skv. 2. mgr. 2. gr. skapar þeim einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum, sem veittu aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við viðkomandi bann.“

- 6) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.“

- 7) Eftirfarandi grein bætist við:

„11. gr. a

1. Færi öryggisráð SP eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á lista, skal ráðið fella slíkan einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun inn í I. viðauka.

2. Ákveði ráðherraráðið að þær ráðstafanir er um getur í 1. mgr. 2. gr. skuli varða einstakling eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, skal það gera viðeigandi breytingar á I. viðauka A.

3. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, þeim einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun er um getur í 1. og 2. mgr., annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, þar sem fyrrnefndum einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun býðst að leggja fram athugasemdir sínar.

4. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram, skal ráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun um niðurstöðuna.

5. Ákveði Sameinuðu þjóðirnar að taka einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af lista, eða breyta gögnum sem auðkenna einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem hefur verið færð á lista, skal ráðið gera viðeigandi breytingar á I. viðauka.

6. Endurskoða ber listann í I. viðauka A með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.“

- 8) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Ef krafa er gerð, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar, eða hafa samband við hana á annan hátt, skulu heimilisföng og önnur atriði, sem styðjast skal við vegna slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í II. viðauka.“

- 9) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Evrópusambandsins, m.a. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yferráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópusambandsins.“

- 10) Fella ber textann í I. viðauka inn í reglugerð (EB) nr. 560/2005 sem I. viðauka A.

- 11) Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005 komi textinn í II. viðauka við reglugerð þessa.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

J. MARTONYI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI A

Skrá yfir einstaklinga og lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SÞ) eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur ekki tilgreint og um getur í 2., 4. og 7. gr.“

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað vísast í viðauka við ákvörðun ráðsins 2011/18/SSUÖ frá 14. janúar 2011, sbr. fylgiskjal 3.

II. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld sem um getur í 3., 4., 5., 7. og 8. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.“

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Fylgiskjal 16.

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 330/2011

frá 6. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 560/2005

um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2011/221/SSUÖ frá 6. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/656/SSUÖ um framlengingu þvingunaraðgerða gegn Cote d'Ivoire ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 2011/221/SSUÖ er m.a. kveðið á um frekari þvingunaraðgerðir viðvíkjandi Cote d'Ivoire, auk þeirra sem eru settar fram í ákvörðun ráðsins 2010/656/SSUÖ ⁽²⁾, þ.m.t. bann við skuldabréfaviðskiptum og lánveitingum til hinnar ólöglegu ríkisstjórnar hr. Gbagbos, auk þess sem sett er ákvæði til þess að tryggja að fyrrnefndar þvingunaraðgerðir hafi ekki áhrif á mannúðarstarf á Cote d'Ivoire.

2) Þvingunaraðgerðir þessar rúmast innan gildissviðs sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og þess vegna, einkum til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með sama hætti, er löggjöf á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd.

3) Hinn 30. mars 2011 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1975 (hér á eftir nefnd „ályktun öryggisráðsins nr. 1975 (2011)“) þar sem markvissum refsiaðgerðum er beint gegn enn fleiri einstaklingum, sem þær viðmiðanir er um getur í ályktun nr. 1572 (2004) og síðari ályktunum eiga við um, þ.m.t. þeir einstaklingar sem standa í vegi fyrir friði og sáttum á Cote d'Ivoire, standa í vegi fyrir starfi Sameinuðu þjóðanna á Cote d'Ivoire (UNOCI) og hindra aðra alþjóðlega aðila í starfi á Cote d'Ivoire og fremja alvarleg mannréttindabrot og brot gegn alþjóðlegum mannúðarrétti.

4) Þá ber að breyta listanum yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðirnar, er um getur í I. viðauka og I. viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 560/2005 frá 12. apríl 2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire ⁽³⁾, taka til.

5) Reglugerð þessi öðlist gildi sama dag og hún er birt til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 560/2005 er hér með breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi greinar bætist við:

„3. gr. a

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin í II. viðauka, heimilað, að því er varðar aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem eru á lista í I. viðauka A, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða að til taks séu tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem er nauðsynlegur af mannúðarsjónarmiðum, eftir að hafa tilkynnt öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það fyrirfram.

3. gr. b

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er skráð í I. viðauka A, eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun gerðu, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er hann eða hún hafði verið tilgreind, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin í II. viðauka, heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:

- i. að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður skuli notaður sem greiðsla af hálfu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð í I. viðauka A,
- ii. að greiðslan sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal, minnst tveimur vikum áður en heimildin er veitt, tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um fyrrnefnda niðurstöðu og um þá fyrirætlun sína að veita heimild.“

2) Í stað 9. gr. a komi eftirfarandi:

„9. gr. a

Lagt er bann við því:

- a) að kaupa, miðla eða aðstoða við útgáfu skuldabréfa eða verðbréfa sem hin ólöglega ríkisstjórn hr. Laurent Gbagbos gefur út eða tryggir eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi, sem og aðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir hennar hönd eða starfa undir hennar stjórn, eða rekstrareiningar sem eru í eigu eða lúta stjórn hennar. Í undantekningartilvikum skal heimila fjármálastofnunum að kaupa slík skuldabréf eða verðbréf sem hafa samsvarandi verðgildi og skuldabréf og verðbréf sem þær eiga þegar og eru við það að falla á gjalddaga,
- b) að veita hinni ólöglegu ríkisstjórn hr. Laurent Gbagbos, sem og aðilum eða rekstrareiningum, sem koma fram fyrir hennar hönd eða starfa undir hennar stjórn, eða rekstrareiningum, sem eru í eigu eða lúta stjórn hennar, lán í hvaða mynd sem er.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. b

Bönnin skv. 2. mgr. 2. gr. og 9. gr. a skapa þeim einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem veittu aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þessir

aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn er um ræðir.“

2. gr.

1. Fella ber þá aðila sem eru skráðir í A-hluta I. viðauka við reglugerð þessa út af listanum í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005 og bæta þeim við listann í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005.
2. Bæta ber þeim aðila sem er á listanum í B-hluta I. viðauka við reglugerð þessa við listann í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005.
3. Bæta ber þeim aðilum sem eru taldir upp í II. viðauka við reglugerð þessa við listann í I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

MARTONYI J.

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 285, 30.10.2010, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 95, 14.4.2005, bls. 1.

I. VIÐAUKI

PART A

1. **Laurent GBAGBO**
Date of birth: 31 May 1945
Place of birth: Gagnoa, Côte d'Ivoire
Former President of Côte d'Ivoire: obstruction of the peace and reconciliation process, rejection of the results of the presidential election.
Date of UN designation: 30.3.2011 (European Union designation: 22.12.2010)
2. **Simone GBAGBO**
Date of birth: 20 June 1949
Place of birth: Moossou, Grand-Bassam, Côte d'Ivoire
Chairperson of the Parliamentary Group of the Ivorian Popular Front (FPI): obstruction of the peace and reconciliation process, public incitement to hatred and violence.
Date of UN designation: 30.3.2011 (European Union designation: 22.12.2010)
3. **Désiré TAGRO**
Passport number: PD – AE 065FH08
Date of birth: 27 January 1959
Place of birth: Issia, Côte d'Ivoire
Secretary-General in the so-called 'presidency' of Mr GBAGBO: participation in the illegitimate government of Mr GBAGBO, obstruction of the peace and reconciliation process, rejection of the results of the presidential election, participation in violent repressions of popular movements.
Date of UN designation: 30.3.2011 (European Union designation: 22.12.2010)
4. **Pascal AFFI N'GUESSAN**
Passport number: PD-AE 09DD00013.
Date of birth: 1 January 1953
Place of birth: Bouadriko, Côte d'Ivoire
Chairman of the Ivorian Popular Front (FPI): obstruction of the peace and reconciliation process, incitement to hatred and violence.
Date of UN designation: 30.3.2011 (European Union designation: 22.12.2010)

PART B

1. **Alcide DJÉDJÉ**

Date of birth: 20 October 1956

Place of birth: Abidjan, Côte d'Ivoire

Close advisor to Mr GBAGBO: participation in the illegitimate government of Mr GBAGBO, obstruction of the peace and reconciliation process, public incitement to hatred and violence.

Date of UN designation: 30.3.2011

*II. VIÐAUKI***Aðilar og rekstrareiningar sem um getur í 3. mgr. 2. gr.****A. Persons**

	Name (and any aliases)	Identifying information	Grounds for designation
1.	Diali Zie		Director of the main agency of the BCEAO (Central Bank of West African States); is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
2.	Togba Norbert		Inspector-General of the Treasury; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
3.	Kone Doféré		Collector-General of taxes; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
4.	Hanny Tchélé Brigitte, wife of Mr Etibou		Documentary film producer. Incitement to hatred and violence.
5.	Jacques Zady		Producer for Radiodiffusion Télévision Ivoirienne (RTI). Incitement to hatred and violence.
6.	Ali Keita		Chief editor of Le Temps daily newspaper. Incitement to hatred and violence.
7.	Kla Koué Sylvanus		De facto Director-General of the Côte d'Ivoire Telecommunications Agency and Chairman of San-Pedro General Council. Incitement to hatred and violence.
8.	Mamadou Ben Soumahoro		Member of the National Assembly. Incitement to hatred and violence
9.	Sokouri Bohui		Member of the National Assembly, managing editor of Notre Voie daily newspaper and FPI Secretary-General responsible for elections. Incitement to hatred and violence.
10.	Blon Siki Blaise		Self-styled High Authority for the Development of the West. Incitement to hatred and violence.
11.	Pastor Kore Moïse		Spiritual Advisor to Mr Laurent Gbagbo. Incitement to hatred and violence.
12.	Moustapha Aziz		Advisor to the Côte d'Ivoire Representation to UNESCO. Incitement to hatred and violence.
13.	Gnamien Yao		Former Minister. Incitement to hatred and violence.
14.	Zakaria Fellah		Special Advisor to Mr Laurent Gbagbo; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
15.	Ghislain N'Gbechi		Official at the Permanent Mission of Côte d'Ivoire in New York; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
16.	Charles Kader Gore		Businessman; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
17.	Maitre Sanogo Yaya		Barrister practising in Côte d'Ivoire; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
18.	Kadio Morokro Mathieu		Chairman of PETROIVOIRE; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
19.	Marcellin Zahui		Managing Director of the illegally nationalised CNCE (Caisse National de Crédit et d'Épargne [national credit and savings bank]) and Director of BICICI

			(Banque Internationale pour le Commerce et l'Industrie de la Côte d'Ivoire [Côte d'Ivoire international bank for trade and industry]); is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
20.	Jean-Claude N'Da Ametchi		Managing Director of Versus Bank, Director of the illegally nationalised SGBCI (Société Générale de Banques en Côte d'Ivoire [Côte d'Ivoire banking company]); is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
21.	Anatole Kossa		Vice-President of CGFCC [coffee and cocoa sector management committee]. Adviser to former president Gbagbo in farm sector since 1 January 2010; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
22.	Alexandre Kouadio		Provisional director of ARCC [coffee and cocoa regulatory authority]; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
23.	Célestin N'Guessan		Provisional director of FDPCC [coffee and cocoa producers business development and promotion fund]; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
24.	Claudine Lea Yapobi, née Yehiry		Provisional director of the FRC (regulation and supervision fund) and the BCC [coffee and cocoa exchange]; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
25.	Deby Dally Balawourou		Journalist, President of the Conseil National de la Presse [national press council]; incitement to hatred and violence
26.	Wenceslas Appiah		Managing Director of BFA [bank for the financing of agriculture]; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.
27.	Hubert Houlaye		Chairman of the board of directors of the Banque Nationale d'Investissements [national investment bank]; is helping to fund the illegitimate administration of Mr Laurent Gbagbo.

Fylgiskjal 17.**Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 193/2012****frá 8. mars 2012****um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.**

Færslan í I. viðauka við reglugerð þessa skal koma í stað færslunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 560/2005 varðandi eftirgreindan aðila:

Désiré Tagro.

Textinn sem kemur fram í II. viðauka við reglugerð þessa skal koma í stað I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005. (Efnisútdráttur).

*I. VIÐAUKI***Færsla sem um getur í 1. mgr.**

"Désiré TAGRO. Passport number: PD — AE 065FH08. Date of birth: 27 January 1959. Place of birth: Issia, Côte d'Ivoire. Deceased on 12 April 2011 in Abidjan.

Secretary-General in the so-called "presidency" of Mr GBAGBO: participation in the illegitimate government of Mr GBAGBO, obstruction of the peace and reconciliation process, rejection of the results of the presidential election, participation in violent repressions of popular movements. Date of UN designation: 30.3.2011 (European Union designation: 22.12.2010)."

II. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI A

Skrá yfir einstaklinga og lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SB) eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur ekki tilgreint og um getur í 2., 4. og 7. gr.

	Name (and any aliases)	Identifying information	Grounds for designation
1.	Kadet Bertin	Born 1957 in Mama	Special Adviser to Laurent Gbagbo on matters of security, defence and military equipment, and formerly Gbagbo's Minister for Defence. Nephew of Laurent Gbagbo. Exiled in Ghana. Subject of an international arrest warrant. Actively involved in incidents of abuse and forced disappearances, and in the funding and arming of the militia and of the "Young Patriots (COJEP)". Involved in the funding and trafficking of arms and in the circumvention of the embargo. He was close to western militia and liaised on Gbagbo's behalf with these groups. Involved in setting up the "LIMA force" death squads. During his exile in Ghana, he has continued to plot ways to regain power by force. He is calling for Gbagbo's immediate release. Because of his financial resources, his familiarity with illegal arms traffickers and his ongoing ties with active militia groups, especially in Liberia, Kadet Bertin poses a very real threat to the security and stability of Côte d'Ivoire.
2.	Oulaï Delafosse	Born 28 October 1968	Former sub-prefect of Toulepleu. Leader in the Great West Patriotic Resistance Union. As Head of the militia, he has engaged in violence and crime, particularly in the Toulepleu area. Taking his orders directly from Kadet Bertin, he was very active in the recruitment of Liberian mercenaries and in the trafficking of illegal arms from Liberia during the post-election crisis. His troops ran a reign of terror throughout the post-election crisis, killing hundreds of people from northern Côte d'Ivoire. Because of his political extremism, his closeness to Kadet Bertin and the strong links he has maintained with Liberian mercenaries, he continues to pose a threat to the stability of the country.
3.	Pastor Gammi		Head of the Ivorian Movement for the Liberation of Western Côte d'Ivoire (MILOCI), established in 2004. As Head of the pro-Gbagbo MILOCI militia, he was involved in many massacres and much brutality. Has fled to Ghana (is probably in Takoradi). Subject of an international arrest warrant. Since his exile, he has joined the International Coalition for the Liberation of Côte d'Ivoire (CILCI) which advocates the use of armed resistance to have Gbagbo returned to power.
4.	Marcel Gossio	Born 18 February 1951 in Adjame Passport number: 08AA14345 (due to expire on 6 October 2013)	Has fled Côte d'Ivoire. Subject of an international arrest warrant. Involved in the misappropriation of public funds and in the funding and arming of the militia. Instrumental to the funding of the Gbagbo

			clan and of the militia. Also a central figure in illegal arms trafficking. The sizeable sums of money he has misappropriated and his familiarity with the illegal arms networks make him a continued threat to the security and stability of Côte d'Ivoire.
5.	Justin Koné Katina		Has fled to Ghana. Subject of an international arrest warrant. Involved in the Central Bank of West African States (BCEAO) hold-up. From his place of exile, he still sees himself as Gbagbo's spokesperson. In a press release on 12 December 2011 he argued that Ouattara had never won the election and asserted that the new regime was illegitimate. He calls for resistance, and believes Gbagbo will return to power.
6.	Ahoua Don Mello	Born 23 June 1958 in Bongouanou Passport number: PD-AE/044GN02 (due to expire on 23 February 2013)	Spokesperson of Laurent Gbagbo. Former Minister for Infrastructure and Sanitation in the illegitimate government. Exiled in Ghana. Subject of an international arrest warrant. From exile, he has continuously stated that the election of President Ouattara was fraudulent and does not recognise his authority. He has refused to respond to the Ivorian Government's call for reconciliation and has made regular calls in the press for uprisings, carrying out "mobilisation" tours in the refugee camps in Ghana. In December 2011, he declared that Côte d'Ivoire was a "tribal state under siege" and that "the days of the Ouattara regime" were "numbered".
7.	Moussa Touré Zéguen	Born 9 September 1944 Old passport: AE/46CR05	Head of the Group of Patriots for Peace (GPP). Founder of the "International Coalition for the Liberation of Côte d'Ivoire" (CILCI). Became a militia leader in 2002 and has led GPP since 2003. Under his command the GPP has become Gbagbo's armed wing in Abidjan and the south of the country. Responsible, with the GPP, for numerous acts of violence mainly against populations from the north of the country and opponents of the former regime. Personally involved in post-election violence (particularly in the Abobo and Adjamé districts). Whilst exiled in Accra, Touré Zéguen founded the "International Coalition for the Liberation of Côte d'Ivoire", whose aim is to return Gbagbo to power. From his place of exile he has made repeated inflammatory statements (for example at the press conference on 9 December 2011), maintaining a stance of conflict and armed revenge. He regards Côte d'Ivoire under Ouattara as illegitimate and "recolonised" and has issued a "call on Ivoirians to drive out the impostors" (Jeune Afrique, July 2011). Keeps a blog calling for a violent uprising of the Ivorian people against Ouattara.

Fylgiskjal 18.**Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 479/2014****frá 12. maí 2014****um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 560/2005 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins á Cote d'Ivoire.**

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 560/2005 er breytt sem hér segir:

I. Í stað færslunnar um eftirfarandi aðila komi eftirfarandi:

	Name (and any aliases)	Identifying information	Grounds for designation
4.	Marcel Gossio	Born 18 February 1951 in Adjamé. Passport number: 08AA14345 (presumed expired on 6 October 2013)	Subject of an international arrest warrant. Involved in the misappropriation of public funds and in the funding and arming of the militia. Instrumental to the funding of the Gbagbo clan and of the militia. Also a central figure in illegal arms trafficking. The sizeable sums of money he has misappropriated and his familiarity with the illegal arms networks make him a continued threat to the security and stability of Côte d'Ivoire.

II. Nafnið í færslunni fyrir eftirfarandi aðila breytist sem hér segir:

Í stað „Justin Koné Katina“ komi „Justin Koné Katinan“.

III. Færslan fyrir eftirfarandi aðila falli brott:

Oulaï Delafosse.